

# Fréttabréf UMSE

1. tbl. 27. Árgangur 2012



## Pistill framkvæmdastjóra UMSE

Heilir og sælir Eyfirdingar góðir.

Nú er ég að hefja mitt 6. starfsár fyrir Ungmennasambandið. Á þeim tíma hef ég átt samskipti við og starfað með frábæru fólki og geri enn. Starf Sambandsins hefur á þessum tíma í grunninn verið líkt og þegar ég hóf störf, en samt verið breytilegt. Við höfum á þessu tímabili haft á höndum okkar mjög stóra viðburði sem hafa litað starf okkar töluvert, en þrátt fyrir það í grunninn haldið okkar reglulega starfi.

Ungmennasamband Eyjafjarðar er á þessu ár 90 ára og náði þeim áfanga 8. apríl. Það er ljóst að í starfi sambandsins í gegnum tíðina hafa skipst á skin og skúrir og stefna sambandsins gengið í marga hringi. Ég tel að sambandið standi á vissum tímamótum og líkt og margar einingar samfélagsins, hvort sem það eru íþrótt- og ungmennafélög, frjáls félagasamtök hverskonar, fyrirtæki eða sveitarfélög, þurfum að ráðast í verulega naflaskoðun. Við þurfum að skoða hvert hlutverk okkar er og hvað við stöndum fyrir. Við þurfum að skilgreina okkur og hvert við stefnum. Við þurfum að setja okkur markmið, ekki bara til næsta dags, heldur til framtíðar.

Í dag er lögð aukin herslu á það að aðilar innan íþróttahreyfingarinnar marki sérstaka stefnu um hin ýmsu mál. T.d. jafnrétti, afreksíþróttir, almenningsíþróttir, barna- og unglingastarf

o.fl. Oft á tíðum er þar um kröfur eða óskir frá sveitarfélögum að ræða. ÍSÍ og UMFÍ hafa nú þegar mótað slíkar stefnur um ýmis mál sem tengjast starfinu með einhverjum hætti og upplýsingar um það má finna á vefsíðum samtakanna. Þá hefur ÍSÍ gert viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum. Æskilegt er að stjórnir allra íþróttafélaga kynni sér innihald hennar og nýti hana í sína þágu.

Hvert er hlutverk héraðssambanda í grunninn? Í lögum ÍSÍ er hlutverkið skilgreint með víðum hætti. Þar er stuttlega tekið á þeim grunnþáttum sem við stöndum fyrir, s.s efling íþróttastarfs, samskipti við opinbera aðila og almennt eftirlit með aðildarfélögum. Það er þó skoðun undirritaðs að sambandið og héraðssambönd og íþróttabandalög almennt geti starfað á mun víðari grundvelli. Hér er ekki átt við að þörf sé á einhverskonar miðstýringu og meiri ítök inn í aðildarfélögin. Frekar að með því að skilgreina með skýrum hætti hvert sambandsaðilar vilja stefna í sínu starfi, getur sambandið verið leiðandi afl sem með sterku samstarfi stuðlað að sterkara starfi.

*Þorsteinn Marinósson  
Framkvæmdastjóri UMSE*

## Nýr búningur hjá UMSE

UMSE mun á næstunni taka í gagnið nýjan keppnisbúning í frjálsíþróttum. Búningurinn er hannaður og framleiddur af Henson. Hægt er að panta búninginn hjá tengiliðum í frjálsíþróttanefnd UMSE eða á skrifstofu UMSE



## Besti tími sögunnar í Þorvaldsdalnum



Þorvaldsdals-skokkið 2012 fór fram í afbragðs veðri 7. júlí s.l. Skokk ársins heppnaðist vel í alla stað og þátttakan var ágæt, en 33 hlauparar hlupu dalinn. Sigurvegarinn, Þorbergur Ingi Jónsson, kom einbeittur til leiks og náði besta tíma sem náðst hefur þegar hann hljóp dalinn endilangan á tímanum 1:47:12. Trausti Hannesson var í öðru sæti og Guðjón Marteinnsson þriðji. Fyrst kvenna í mark var Líney Pálsdóttir, önnur Sigríður Elísabeth Sigmundsdóttir og Sigrún Kristjánsdóttir í þriðja sæti.

Í hlaupi ársins var ekki einungis sett heimsmet heldur hljóp Bryndís Óladóttir á besta tíma sem náðst hefur í aldursflokknum 50-59 ára en hún hljóp á tímanum 2:53:18 sem er umtalsverð bætting á eldra meti.



Nánar um Þorvaldsdals-skokkið er að finna á heimasíðu þess [thorvaldsdalur.umse.is](http://thorvaldsdalur.umse.is)

## Ágætur árangur á MÍ 11-14 ára

Meistaramót Íslands í frjálsþróttum fór fram á Laugardalsvelli 30.júní til 1. júlí. Keppendur frá UMSE voru 10 að þessu sinn og var árangur þeirra með ágætum.

Guðfinna Eir Þorleifsdóttir hlaut silfurverðlaun í 800 m hlaupi stúlkna 11 ára á tímanum 2:56,07.

Guðmundur Smári hlaut silfurverðlaun í spjótkesti með kasti upp á 42,39 m og bronsverðlaun í kúluvarpi með kast upp á 11,44 m í flokki pílta 14 ára

Karl Vernharð Þorleifsson hlaut bronsverðlaun í spjótkesti með kasti upp á 41,70 m í flokki 14 ára pílta.

Öll úrslit af mótinu er að finna á mótáforriti FRÍ [mot.fri.is](http://mot.fri.is).

## Hilmar Daníelsson hlaut gullmerki ÍSÍ

Haldið var upp á 50 ára afmæli Hestamannafélagsins Hringa að Rimum í Svarfaðardal, laugardaginn 16. júní s.l. Gestir voru fjölmargir og glatt á hjalla.



Fjöldi viðurkenninga var veittur í tilefni afmælisins. Viðar Sigurjónsson sviðsstjóri fræðslu- og þróunarsviðs ÍSÍ veitti Hilmar Daníelssyni gullmerki ÍSÍ fyrir störf sín í gegnum tíðina.

Stjórni hestamannafélagsins heiðraði sérstaklega alla eftirlifandi stofnfélaga. Edda Kamilla Örnólfsdóttir varastjórnarmaður UMSE sámdí nokkra einstaklinga heiðursviðurkenningu UMSE fyrir störf sín í þágu félagsins.

### Eftirtaldir hlutu starfsmarki UMSE:

*Guðrún Rut Hreiðarsdóttir*

*Sveinbjörn Hjörleifsson*

*Bergljót Vilhelmina Jónsdóttir*

### Eftirtaldir hlut Gullmerki UMSE:

*Þorsteinn Hólm Stefánsson*

*Steinar Steingrímsson*

*Sigurður Marinósson*

*Hilmar Daníelsson*

UMSE óskar þessum einstaklingum til hamingju með viðurkenninguna og Hestamannfélaginu til hamingju með afmælið.

## Sigurður Ingi og Birta Dís klúbbmeistarar GHD

Meistaramóti GHD lauk á laugardaginn 7. júlí s.l.. Sigurvegari í meistaraflokki karla varð Sigurður Ingi Rögnvaldsson en hann endaði á tveimur höggum undir pari. Sigurvegari í meistaraflokki kvenna varð Birta Dís Jónsdóttir. Keppnin var spennandi í flestum flokkum og veðrið lék við þátttakendur, segir á heimasíðu GHD <http://ghdgolf.net>. Öll úrslit úr mótinu má sjá [golf.is](http://ghdgolf.net).

## Fréttir af 91. ársþingi UMSE

Ársþing UMSE var haldið í Félagsheimilinu Árskógi, laugardaginn 24. mars. Þingið var vel sótt og fór vel fram að venju og ályktaði þingið um nokkur mikilvæg málefni sem munu móta starf sambandsins fram að næsta þing.



Þingforsetar voru Bjarnveig Ingvadóttir og Birkir Örn Stefánsson.

Gestir þingsins voru Friðrik Einarsson, stjórn ÍSÍ, Bolli

Gunnarsson,

stjórn UMFÍ og Guðmundur St. Jónsson, forseti bæjarstjórnar í Dalvíkurbyggð.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir, stjórnarmaður UMSE var sæmd Gullmerki ÍSÍ og Bjarni Valdimarsson var sæmdur starfsmerki UMFÍ á þinginu.

Óskar Þór Vilhjálmsson var endurkjörinn formaður UMSE og Kristlaug María Valdimarsdóttir var endurkjörin ritari. Jóhanna Gunnlaugsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn UMSE. Í hennar stað var Þorgerður Guðmundsdóttir, kjörin meðstjórnandi. Í vara stjórn voru kjörnar þær Guðrún Sigurðardóttir, Edda Kamilla Örnólfsdóttir og Svanbjört Brynja Bjarkadóttir. Auk þeirra sitja í stjórn UMSE og voru ekki í kjöri Kristín Hermannsdóttir, varaformaður og Einar Hafliðason, gjaldkeri.

Í kaffisamsæti þingsins var að venju veittur fjöldinn allur af viðurkenningum. Björgvin Björgvinsson, skíðamaður UMSE 2011, var kjörinn íþróttamaður UMSE 2011 og var það áttunda árið í röð sem hann hlýtur titilinn. Aðrir í kjöri um íþróttamanninn voru:

Anna Kristín Friðriksdóttir, hestaíþróttamaður UMSE 2011.

Eva Hrönn Arnardóttir, Sundmaður UMSE 2011.

Kristinn Þór Björnsson, knattspyrnumaður UMSE 2011.

Kristján Godsk Rögnvaldsson, frjálsíþróttamaður UMSE 2011.

Sigurður Ingvi Rögnvaldsson, Golfmaður UMSE 2011.

Stefán Sveinbjörnsson, bridgemaður UMSE 2011.

Einnig voru Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir, Stefanía Andersen Aradóttir, Steinunn Erla Davíðsdóttir, tilnefndar fyrir góðan árangur í frjálsíþróttum árið 2011.

Veittar voru viðurkenningar til yfir þrjátíu annarra íþróttamann fyrir afrek sín á síðasta ári.

Stjórn UMSE veitti bæði starfsmerki UMSE og Gull merki UMSE á þinginu.

Starfsmerki hlutu: Ivan Petersen, Umf. Samherjum, Karl Ingi Atlason, Umf. Þorsteini Svörfuði, Ari Jósavinnsson, Umf. Smáranum, Stefán Sveinbjörnsson, Umf. Æskunni, Kristján Sigurðsson, Umf. Reyni, Helena Frímansdóttir, Umf. Reyni, Björn Friðþjófsson, Umf. Svarfdæla

Gullmerki UMSE hlutu: Birgir Marínósson, Umf. Reyni, Sveinn Jónsson, Umf. Reyni Hestamannafélagið Funi hlaut félagsmálabikar UMSE, en hann hlýtur það félag sem talið er að hafi starfað hvað best í þágu félags- og íþróttamála á hverju ári. Sitjandi stjórn UMSE úthlutar bikarum.

Umf. Reynir hafði umsjón með veitingum og aðstoðaði við undirbúning þingsins. Þeim eru færðar sérstakar þakkar fyrir það.

Ungmennasamband

Eyjafjarðar þakkar öllu sem komið hafa að og stutt við starf sambandsins.

Þingssamþykktir og fundargerð þingsins eru á finna á heimasíðu UMSE [www.umse.is](http://www.umse.is)



## Pátttaka á Unglingalandsmót UMFÍ



Ungmennasamband Eyjafjarðar stefnir að mikilli þátttöku á Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi. Mótið fer að venju fram um verslunarmannahelgina. 3.-5. ágúst.

Líklegt verður að teljast að um stærstu íþróttahátíð ársins, en búist er við allt að 2.500 keppendum á aldrinum 11 - 18 ára. Framkvæmd Unglingalandsmótsins er að þessu sinni í höndum HSK.

Í fyrra voru keppendur UMSE 50 talsins og tóku þau þátt í dansi, fimleikum, frjálsíþróttum, glímu, golfi, hestaíþróttum, motocrossi, knattspyrnu, körfubolta og skák. Á því móti hlaut UMSE hin eftirsóttá titil „Fyrirmyndarfélagið“.

Stefnt er að því að gera enn betur núna og er það okkar von að enn fleiri fjölskyldur taki þátt í gleðinni með okkur.

Keppnisgreinar á Selfossi verða eftirfarandi: dans, fimleikar, frjálsar íþróttir, glíma, golf, hestaíþróttir, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, körfubolti, motokross, skák, taekwondo og starfsíþróttir. Einungis er greitt eitt þátttökugjald fyrir hvern keppanda á mótinu óháð því hversu mörgum greinum viðkomandi tekur þátt í. Gjaldið er 6.000.- Innifalið í því er keppnin, tjaldestæði og öll sú skemmtun og afþreying sem á vegum mótsins er. Skráning á

mótið fer fram á heimasíðu mótsins [www.ulm.is](http://www.ulm.is).

UMSE verður að venju með stórt samkomutjald á tjaldestæðinu. Þar verður hefðbundin dagskrá. Á laugardagskvöldinu býður UMSE til grillveislu. Veislan verður keppendum UMSE og þeirra aðstandendum að kostnaðarlausu í tilefni af 90 ára afmæli UMSE.

Við leggjum mikla áherslu á það að þátttakendur UMSE á mótinu taki þátt í skrúðgöngu við setningarathöfn mótsins og séu þar í félagsgalla UMSE. Ljós er að ekki eiga allir þátttakendur galla. Því viljum við biðja alla að sem taka þátt að verða sér út um hann. Þó nokkuð af göllum er í umferð og eflaust hægt að fá að láni. Einnig eigum við eitthvað af göllum sem við getum lánað.

Gott aðgengi er að rafmagni á tjaldestæðinu, en til að komast í rafmagn þar svokallað húsbílatengi.

Nánari upplýsingar um þátttöku UMSE á mótinu gefur Þorsteinn Marínósson, framkvæmdastjóri UMSE, í síma 868-3820 eða í tölvupósti [umse@umse.is](mailto:umse@umse.is). Áhugasömum er einnig bent á að fylgjast náið með á heimasíðu UMSE [www.umse.is](http://www.umse.is) í aðdraganda mótsins. Það verða birtar upplýsingar um skipulag UMSE á mótinu.

# www.umse.is

Líttu við á heimasíðu UMSE

Þar finnurðu fréttir af starfi UMSE og aðildarfélaga þess

*Skrifstofa UMSE er opin á þriðjudögum kl.13:00-16:00 og á föstudögum kl.11:00-16:00.*

*Utan þess tíma er hægt að hafa samband við framkvæmdastjóra í síma:868-3820*

*eða tölvupósti: [umse@umse.is](mailto:umse@umse.is)*

*Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.*

Útgefandi:

Ungmennasamband Eyjafjarðar

Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: [www.umse.is](http://www.umse.is)

Tölvupóstur: [umse@umse.is](mailto:umse@umse.is)

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marínósson